

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 6. TBL. 25. SEPTEMBER 2009

Námskeið auglýst og skráning hafin á þau

Í þessari viku var sendur út námskeiðsbæklingur um þau námskeið sem standa skólum og kennurum til boða (frítt) á haustönn 2009. Alls voru þetta 25 námskeið sem búið er að skipuleggja. Sum námskeið skrá kennarar sig á eftir áhuga, önnur þarf skóli að panta (og umrætt námskeið er þá endurtekið allt átta sinnum þar sem skólar eru átta) og á örfá námskeið kemst takmarkaður fjöldi inn á og eru þeir því valdir af skólum (t.d. grunnmenntun PMT). Námskeiðsbæklingur má nálgast á vefslóðinni hér neðar.

Skráning á námskeiðin er hafin og gerist skráning með því að senda póst á

vigfus@hafnarfjordur.is
Námskeiðahaldið í haust verður að mestu í október og nóvember og þá aðallega á mánudögum frá kl. 15-17.

Fleiri námskeið bætast svo við á vorönn 2010 og verða þau kynnt með nýjum námskeiðsbæklingi sem kemur út í janúar nk.



VERKEFNISVEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/raedslusvid/skolaskrifstofa/raedslustarisemi_skolaskrifstofu/

Fagfundir í Setbergsskóla á mánudag

Kennarar í grunnskólum Hafnarfjarðar eru boðaðir á árlegan fagsamráðsfund þeirra mánudaginn 28. september kl. 14.30-16 í Setbergsskóla. Umræðan fer fram í um 20 hópum þar sem kennarar velja sér hópa sem kennarar velja sér hópa eftir því hvað þeir kenna, t.d. smíðahóp, hóp 2. bekkjarkennarar, hóp enskukennara o.s.frv. Markmiðið með fagfundunum er að gefa kennurum í bænum tækifæri til að hittast þvert á skóla og ræða fagleg málefni.

Myndin sýnir hluta kennara á fagfundinum í Hvaleyrarskóla í fyrra.

Þetta er fjórða árið sem slíkir fagfundir eru haldnir og sum árin hafa þeir verið tveir á vetri (en þó verður aðeins einn í vetur). Þá hafa sumir hópar kennara samstarf utan þessara funda sem þeir skipuleggja sjálfir. (Einstaka faghópar kennara hafa gert slíkt í mun

lengri tíma en fjögur ár, t.d. myndmenntakennarar í bænum.



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 21. september 188. fundur:

- Lagt fram bréf frá *Landsambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna* þar sem óskað er eftir fjárframlagi vegna Eldvarnaáttaksins 2009. Afgreiðslu frestað þar til allar styrkumsóknir verða teknar fyrir síðar í haust.
- Lagt fram bréf frá *Velferðarvaktinni* þar sem hvatt er til að fylgst verði með matarmálum nemenda.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem skólar, aðrar fræðslustofnanir og hagsmunaaðilar eru hvattir til að vekja athygli á Evrópska tungumáladeginum 26. september nk.
- Umræða um væntanlega kynningu á nýsamþykktari skólastefnu Hafnarfjarðar þann 26. okt. nk. og að fulltrúar á fundinum skoðuðu til næsta fundar hvernig að kynningu væri staðið.

Tilkynning vikunnar

Skráning á einstök námskeið Skólaskrifstofunnar á haustönn er hafin. Námskeið eru þó ekki haldin nema næg þátttaka sé komin um viku fyrir upphaf námskeiðs. Sömuleiðis er takmarkaður fjöldi á sum námskeið og þeir ganga fyrir sem fyrst skrá sig. Mikilvægt er því að kennarar skrá sig tímanlega á námskeiðin.

**Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
2. október 2009**

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Menntamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði námsgagna. Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Sérstök áhersla er lögð á námsgögn sem tengjast lestrarkennslu og læsi í viðum skilningi. Þróunarsjóður námsgagna starfar samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um sjóðinn nr. 1268/2007. Vakin er sérstök athygli á að umsóknir um styrki skulu vera á rafrænu formi. Sækja þarf um aðgang að umsóknavef ráðuneytisins, <http://umsoknir.menntamalaraduneyti.is/>. Aðgangur er gefinn á kennitölu og er lykilorð sent til viðkomandi á netfang sem gefið er upp við nýskráningu. Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2009. Allir geta sótt um í sjóðinn.

» **Norræni loftslagsdagurinn**, sem verður haldinn 11. nóvember 2009, er sameiginlegt verkefni allra norrænu menntamálaráðherranna, og felst í því að efla kennslu um loftslagsmál á Norðurlöndum og jafnframt auka og efla samstarf kennara og nemenda í löndunum. Á **Norræna loftslagsdeginum** verður trúlega stærsta kennsluátaki í heimi í gegnum SMS-skilaboð hleypt af stokkunum. Annars vegar er um að ræða Loftslagsferð, þar sem ungt fólk á Norðurlöndum veltir upp hugmyndum, í formi hljóðs, kvikmynda, ljósmynda og fleira um hvernig bregðast megi við loftslagsvandunum. Auk þess eiga nemendurnir að svara spurningum um loftslags- og umhverfismál, sem eru tvö af mikilvægustu málefnum sem Norræna ráðherranefndin vinnur að. Sjá nánar á vef menntamálaráðuneytis.



Fræðslufundur um læsi í næstu viku

Miðvikudaginn 30. september, þ.e. í næstu viku, verður haldinn fræðslufundur í Álftamýrarskóla frá kl. 16-18 undir yfirskriftinni **LÆSI Á ÖLLUM SKÓLA-STIGUM**

Dagskrá:

- **Staða lestrarkennslu í grunnskólum:** Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á Menntasviði.
- **Læsi í framhaldsskóla:** Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri í íslensku í Menntaskólanum við Sund.
- **Málörvun og læsi:** Stein-

unn Torfadóttir, lektor við Háskóla Íslands.

- **Rödd foreldra:** Guðrún Valdimarsdóttir, fulltrúi frá SAM-FOK.

Áhugavert fyrir alla sem vilja veg íslenskunnar sem mestan í skóla-kerfinu og í íslensku samfélagi.



Símenntun



Upplýsingaveita um influensu

Influensa.is er íslenskur upplýsingaveita um influensupestir og veitir margs konar leiðbeiningar og ráðleggingar vegna influensu. Þar eru jafnframt alltaf nýjustu upplýsingar um ákvarðanir sóttvarnalæknis á hverjum tíma, t.d. nýjustu tilkynningar Landlæknisembættis um mögulegar hættur og faraldra og viðbrögð.

Þá er hægt að nálgast bæklinga, skoða bréf og lesa svör við spurningum foreldra, kennara og skólustjórnenda um influensu og skólastarf.

Fróðlegur og ítarlegur vefur.



Vefhornið



VEFSLÓÐ: <http://www.influensa.is/>